

Tún gulnuðu í þurrkunum og ár þornuðu

ÚR BÆJARLÍFINU

Birna Konráðsdóttir
Borgarfirði



Í Borgarfirði var einmuna veðurblíða allt síðasta sumar. Elstu menn muna vart slíkt staðviðri, enda Vesturland betur þekkt fyrir breytilegt veðurfar. Kættust íbúar mjög yfir þessari blíðu, framan af. Er líða tók á sumar fóru ýmsir að ókyrrast. Gróður spratt illa svo bændur horfðu á tún sín gulna í þurrkunum og laxveiðiarnar urðu ásýndum eins og litlar lækjarsprænur.

Er sumarið er gert upp má segja að sóldýrkendur hafi fengið það sem þeir óskuðu helst eftir en bændur og laxveiðimenn síður. Allar helstu laxveiðiar Borgarfjarðar eru hálfdrættningar miðað við meðaltal síðustu tíu ára og hefyndur bændur hafa verið oft verið meiri, alla vega að gæðum.

Er ekið er eftir Norðurárdal í Borgarfirði má sjá að ljósum á bæjum hefur snarlega fækkað. Eins og staðan er í dag er hefðbundinn búskapur á 3-4 jörðum og eru jafnvel blíkur á lofti um að fækka muni enn frekar. Ekki er í þessu tilviki hægt að kenna því um að sveitin sé afskekkt þar sem þjóðvegur nr. eitt liggur um dalinn. Menn velta fyrir sér hverju sé um að kenna. Hvort það sé stefna stjórnvalda um minni stuðning við íslenskan landbúnað og þar með erfiðari afkomumöguleikar fyrir



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Glanni Til stendur að byggja salernishús úr timbri við fossinn Glanna og Paradísarlaut á þessu ári.

bændur eða hvort vandinn liggja í því að eldri kynslóðir stígi of seint upp og afhendi þeim sem yngri eru búskapur. Hver sem ástæðan er liggur ljóst fyrir að víða í Borgarfirði eru blíkur á lofti um breytingar á búskaparháttum og fækkun í sveitum.

Margir landsmenn þekja

listamanninn Pál Guðmundsson sem býr og starfar í Húsafelli. Hann er m.a. þekktur fyrir andlit sem hann hefur klappað í steina í umhverfi sínu

í Húsafelli ásamt steinhörpu sem hann hefur hannað og spilað á af listfengi. Í haust voru haldnir hátíðar-tónleikar í Reykholtskirkju til heiðurs listamanninum. Tilefnið var 60 ára afmæli listamannsins fyrr á árinu. Kammerkór Suðurlands undir stjórn Hilmars Arnar Agnarssonar og Reykholtskórinn undir stjórn Viðars Guðmundssonar fluttu þar hljóðmyndir Páls, „Hjartað í fjallinu“, auk nokkurra annarra verka en heiti verksins er sótt í kvæði Sigurðar Pálssonar sem hann orti um Pál. Listamaðurinn lék ásamt fleirum

undir á hljóðfæri sem hann hefur smíað, þar með talið flautu úr rabarbaraleggjum.

Glanni og Paradísarlaut í

Norðurárdal eru náttúruperlu sem margir hafa skoðað og dáðst að en jafnframt kvartað undan aðstöðuleysi á svæðinu. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur nú gert samning við Borgarbyggð um að útbúa þar bílastæði og salerni. Mun ríkið leggja til 13 milljónir króna á tveimur árum. Til stendur að byggja salernishús úr

timbri á þessu ári og undirbúa bílastæði sem verða á 1.500 fermetra svæði. Á næsta ári er fyrirhugað að ganga frá þeim, en lokafrágangur er áætlaður vorið 2021. Gríðarlegur fjöldi ferðafólks heimsækir þetta fallega svæði ár hvert og ekki óalengt að öll bílastæði séu þar upptekin á góðviðrisdögum. Landið er í einka-eigu og verður landeigendum falin framkvæmd verksins, sem bera jafnframt ábyrgð á því gagnvart ríkinu, en eignast mannvirkin að framkvæmdum loknum.

Á Hvanneyri í Borgarbyggð eru nú uppi þær aðstæður að það íbúðarhúsnæði sem kemur í sölu selst á örskömmum tíma, svo framarlega sem verðlagning er ekki upp úr öllu valdi. Fólk á öllum aldri sækist í að setjast þar að. Skortur er þó á minni íbúðum fyrir fólk á miðjum aldri sem býr á staðnum en vill selja stærra eignir sínar og fá sér minna og jafnvel hentugra húsnæði. Það sem hefur vakið athygli er að margir nýbúar á staðnum hafa ekkert frekar tengsl við Landbúnaðarháskólann sem er á Hvanneyri, heldur óska sér bara að setja niður heimili á staðnum. Fyrir barnafólk hefur staðurinn upp á að bjóða bæði leik- og grunnskóla sem er heillandi og frelsi til leikja úti við, án hættu frá aðsteðjandi umferð. Eldri kynslóðin sér kannski að á Hvanneyri sameinast bæði sveit og bær. Náttúrufergurð og kyrrt en stutt í alla þjónustu og menningu.

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. nóvember 2019, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. nóvember 2019 og önnur gjaldfallin á lögdum gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. nóvember 2019, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjald, bifreiðagjald, úrvinnslugjald, olíugjald, kílómetragjald, gistináttaskatt, fjársýsluskatt, vinnueftirlitsgjald, vörugjald af innlendri framleiðslu, vörugjald af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjald, skipagjöldum, jarðarafgjald, sektum skattransóknarstjóra, ofgreiddri uppþót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögdum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 25.000 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.500 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. nóvember 2019

Ríkisskattstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum



Morgunblaðið/Líney Sigurðardóttir

Skákkennsla Nemendur og kennarar á Þórhöfn sitja að tafla.

Skák og mát í grunnskólanum

Líney Sigurðardóttir
Þórhöfn

Skáksamband Íslands stendur í vetur fyrir fræðsluverkefni í grunnskólum landsins sem miðar að því að gefa kennurum tækifæri til að standa að og efla kennslu í skák í sínum skólum. Grunnskólinn á Þórhöfn tekur þátt í verkefninu og fékk nýlega í heimsókn stjórnarmann frá Skáksambandi Íslands, Stefán Steingrím Bergsson, sem var einn skólalag með nemendum og kennurum og fór með þeim yfir helstu atriði skákklistarinnar.

Verkefninu verður svo fylgt eftir í skólanum með stuðningi og ráðgjöf Skáksambandsins og mun Hilma Steinarsdóttir skólalagstjóri sinna kennslunni og verður meðal annars boðið upp á skák sem valgrein í skólanum.

„Þetta var góður dagur, hér eru áhugasamir og finir nemendur,“ sagði Stefán Steingrímur að loknum skólalag í Þórhöfn, en þangað kom hann eftir fræðslu í grunnskólanum í Óxarfirði. Þar er mikill skákáhugi, að sögn Stefáns og öflugur kennari sem heldur skákinni að

nemendum. Spurt hefur verið hvort skák sé íþrótt, leikur eða list og líklega er hún blanda af þessu öllu og sérlega góð hugarleikfimi sem krefst rökhugsunar og framsýni. Þá hafa erlendar athuganir sýnt að skák-iðkun geti eflt félagsfærni nemenda.

Stefán skipuleggur þetta fræðsluverkefni á vegum Skáksambandsins og mun ásamt fleirum frá sambandinu fara í skólana sem óska eftir heimsóknum. Margir skólar á Norðurlandi taka þátt í verkefninu og stefnt er að sveitakeppni skóla á Norðurlandi eftir áramót.

Með þessu fræðsluverkefni er vonast til þess að fjölga skólum sem sinna skákkennslu nemenda og ekki síst ná til allra landshluta, sagði Stefán. Hann er áhugamaður um skák frá barnsaldri og hefur unnið að skákvæðingu grunnskóla Reykjavíkur og landsbyggðarinnar síðustu árin. Hann hefur ferðast víða um heim til að keppa í skák og hefur náð ágætis árangri á alþjóðlegum skákmótum svo sem í Slóveníu síðastliðið sumar.

„Að tefla á skákmótum er það skemmtilegasta sem ég geri,“ sagði Stefán að lokum.